

Tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2020

Sígild og samtímatónlist

Plata ársins

Concurrence

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Verkin á Concurrence eiga vel saman en sýna líka hve íslensk samtímatónlist er margbreytileg. Flutningurinn er fyrsta flokks og sérstaka athygli vekur upptökustjórnin sem er framsækin og metnaðarfull.

Drang in die Ferne

Benedikt Kristjánsson, Alexander Scmalcz, Tillmann Höfs

Óvenjuleg plata þar sem íslenskum þjóðlögum er stefnt til móts við valin sönglög Schuberts. Samsetningin er sannfærandi, túlkun stílviss og samspil söngvara og hljóðfæraleikara fallega mótað.

Lucid

Þóranna Dögg Björnsdóttir og Federico Placidi

Verkin á plötunni bjóða hlustendum í órætt ferðalag milli rafhljóða og hefðbundinna hljóðgjafa. Hér er skapaður margbreytilegur hljóðheimur en engu að síður er uppbygging verkanna og úrvinnsla skýr.

South of the Circle

Strokkvartettinn Siggí

Metnaðarfull plata með framsæknum og óvenjulegum verkum fyrir strengjakvartett. Hér sýnir strokkvartettinn hversu dýnamískt og áhugavert form strengjakvartettinn getur verið.

Vernacular

Sæunn Þorsteinsdóttir

Heildstæð plata sem sýnir vel hversu fær flytjandi Sæunn er. Verkin á plötunni vitna um gróskuna í íslenskri samtímatónlist og Sæunn túlkar þá fjölbreytni á aðáunarverðan hátt.

Tónverk ársins

Crevace, konsert fyrir flautu og fagott

Páll Ragnar Pálsson

Páll Ragnar fléttar tveimur djörfum einleikspörtum saman við framsækin og hugvitssöm hljómsveitarskrif. Persónulegt og myndrænt tónmál Páls nýtur sín vel í þessu verki þar sem hann nær að tengja saman tóna og þann kraft sem ólgar í iðrum jarðar.

Enigma

Anna Þorvaldsdóttir

Við hlustun á *Enigma* er vart hægt að ímynda sér að hér séu einungis fjögur hljóðfæri á ferð. Anna Þorvaldsdóttir setur saman ótrúlegustu hljóð sem mynda sterka og sannfærandi heild.

Lendh

Veronique Vaka

Tónmál Veronique Vöku er myndrænt og persónulegt. *Lendh* sýnir ótvírætt hversu gott vald hún hefur á því að skrifa fyrir hljómsveit og útfærslan ber vott um hvorttveggja í senn: hugmyndaauðgi og natni.

Music to accompany your sweet splatter dreams

Bára Gísladóttir

Verkið er tilraunakennt, áhrifaríkt og spennandi. Bára Gísladóttir sýnir kjark þar sem hún sprengir ramma eigin höfundarverks og rótar upp þeim jarðvegi sem hún er sprottin úr.

Mysterium op. 53

Hafliði Hallgrímsson

Fágað og innihaldsríkt verk þar sem tónlist og texti mynda sterka heild og samspil kórs, orgels, hljómsveitar og einsöngvara er listilega útfært. Markvert og nútímalegt framlag til íslenskrar kirkjutónlistar.

Tónlistarviðburður ársins – einstakir tónleikar

Hljóðönn – Sýning tónlistar, Hafnarborg.

Spennandi og frumleg sýning með áhrifaríkum upphafstónleikum. Hér var unnið með samspil tónlistar og rýmis og flutningur Jennifer Torrence á verkinu *Níu bjöllur* eftir Tom Johnson var einkar vel heppnaður.

Rökkur – Nordic Affect og Maja S. K. Ratkje

Tónleikar á *Myrkum músíkdögum*

Eftirminnilegir tónleikar þar sem Nordic Affect og norska tónskáldið og flytjandinn Maja S. K. Ratkje leiddu saman hesta sína. Tónlistin byggði á samþáttun andstæðra hugmynda í frjálsslegu og fjölbreyttu verki Ratkje.

The Little Match Girl Passion & Death Speaks

Tónleikar á *Ljóðadögum Óperudaga*

Frumflutningur tveggja verka eftir bandaríska tónskáldið David Lang á Íslandi. Efnisval tónleikanna var djarft og vel úthugað og á eftir vönduðum flutningi fylgdi áhugavert samtál við Lang.

Orðin hljóð: Tónlistarhátíð Rásar eitt – Strokkvartettinn Siggi

Á þessum tónleikum birtust verk úr suðupotti frumsköpunar bókmennta og tónlistar á Íslandi í einkar sannfærandi flutningi. Öll verkin voru pöntuð sérstaklega af Ríkisútvarpinu og eru verðmæt viðbót við íslenskar tónbókmenntir.

Sinfóníuhljómsveit Íslands á Myrkum músíkdögum

Metnaðarfullir tónleikar með íslenskum verkum. Efnisskráin var einkar vel samsett þar sem saman fór frumflutningur nýrra verka og tímabærir endurfundir við flautukonsert Þuríðar Jónsdóttur, *Flutter*.

Tónlistarflytjandi ársins – einstaklingar

Bjarni Frímann Bjarnason

Bjarni Frímann er fjölhæfur listamaður og kraftar hans nýtast vel íslensku tónlistarlífi. Hann sýndi einstaka hæfni sem listrænn stjórnandi í störfum sínum fyrir Íslensku óperuna og Sinfóníuhljómsveit Íslands á liðnu ári. Næmni hans á stíl, hvort sem um er að ræða gamla eða nýja tónlist, er aðdáunarverð.

Laufey Jensdóttir

Laufey Jensdóttir vakti verðskuldaða athygli fyrir einleik sinn í fiðlukonsert eftir Pergolesi á jólatónleikum Kammersveitar Reykjavíkur. Hún er í forystu Barokkbandsins Brákar sem hefur heillað áheyrendur með brakandi ferskum upprunaflutningi, síðast í *Jóhannesarpassíu* Bachs sem bandið flutti ásamt Cantoque Ensemble.

Sigurgeir Agnarsson

Sigurgeir Agnarsson er leiðari sellódeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands en var einnig áberandi í flutningi kammertónlistar á liðnu ári, svo sem á tónleikum Kammermúsíklúbbsins og á Reykholtshátíð sem hann stýrir. Á árinu bar þó hæst rómaðan flutning þeirra Ara Þórs Vilhjálmssonar á tvíkonsert Brahms með Sinfóníuhljómsveitinni.

Sæunn Þorsteinsdóttir

Sæunn Þorsteinsdóttir er meira en sellóleikari. Með nánú samstarfi við tónskáld þróar hún ekki einungis sína eigin list heldur líka tónmál og rithátt tónskáldanna og möguleika hljóðfærisins. Frjótt starfsár Sæunnar er þversnið af staðfastri vinnu hennar við nútímatónlist og óþreytandi kynningarstarfi í þágu íslenskra listamanna.

Víkingur Heiðar Ólafsson

Víkingur Heiðar Ólafsson tók við stöðu staðarlistamanns Konzerthaus í Berlín á árinu og hélt einleikstónleika víða um lönd. Hann fylgdi Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Austurríkis og Þýskalands þar sem hann lék píanókonsert Daníels Bjarnasonar, *Processions*. Hér heima stýrði hann tónlistarhátíðinni Reykjavík Midsummer Music og fór þar á kostum, ekki síst í flutningi verka eftir Bach og Shostakovitsj.

Tónlistarviðburður ársins – hátíðir

Kirkjulistahátíð í Hallgrímskirkju

Hátíðin einkenndist af breidd í verkefnavali þar sem nýrri tónlist og eldri var fléttað saman með góðum árangri. Upphafs- og lokatónleikar mynduðu sterkan ramma um hátíðina en auk þeirra voru tónleikar Georgiu Brown og barokksveitar Hallgrímskirkju einkar vel heppnaðir.

Myrkir músíkdagar

Nýju lífi hefur verið blásið í Myrka músíkdaga og var hátíðin sérlega glæsileg þetta árið. Hún sýndi vel fjölbreytni nýsköpunar í íslenskri tónlist og speglaði hana vel með erlendum verkum og flytjendum.

Reykjavík Midsummer Music

Aðalsmerki Reykjavík Midsummer Music er fjölbreytt og hugvitssamleg dagskrá í höndum úrvalsflytjenda. Meðal hápunkta í ár var flutningur píanóleikaranna Katia og Marielle Labèque á verkum eftir Ravel, Pärt og Glass.

Tónlistarflytjandi ársins – hópar

Elektra Ensemble

Í áratug hefur Elektra verið eitt af flaggskipum íslenskrar samtímatónlistar. Hópin skipa fimm framúrskarandi tónlistarkonur sem eru ófeimnar við tilraunir. Tíu ára afmælisins var minnst með útgáfu nýrrar plötu með verkum sem samin hafa verið sérstaklega fyrir Elektru og glæsilegum útgáfutónleikum.

Kammersveit Reykjavíkur

Kammersveit Reykjavíkur er landsþekkt að vönduðum flutningi kammerverka, jafnt nýrra sem eldri. Af verkefnum á árinu sætti glæsilegur flutningur sveitarinnar á kammersinfóníum Schönbergs og Adams mestum tíðindum.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sinfóníuhljómsveit Íslands er órjúfanlegur hluti af öflugri tónlistarlífi landsins. Hún stuðlar að frumsköpun og fjölbreyttu samstarfi innanlands og starfar ötullega að því að kynna sígilda tónlist fyrir ungum hlustendum. Sveitin hélt í velheppnaða tónleikaferð til Austurríkis og Þýskalands á árinu og ný plata hennar *Concurrence* vakti mikla athygli.

Söngvari ársins

Benedikt Kristjánsson

Flutningur Benedikts Kristjánssonar og samverkamanna hans á *Jóhannespassíu* Bachs vakti mikla athygli og hrifningu erlendis á árinu. Þar fer Benedikt einn með öll einsöngshlutverk og stjórnar áheyrendum í kórsöng. Benedikt gaf einnig út einsöngsplötu þar sem fléttað er saman íslenskum þjóðlögum og sönglögum eftir Schubert svo hvorttveggja birtist í nýju ljósi.

Fjölur Ólafsson

Fjölur Ólafsson hefur skapað sér sess sem óratórusöngvari og ljóðatúlkandi. Frammistaða hans í *Jóhannespassíu* Bachs með Cantoque Ensemble, þar sem hann söng hlutverk Pílatúsar og aríur, var glæsileg, og ljóðatúlkun hans naut sín á tónleikum í Tíbrárröð Salarins og á Síngildum sunnudögum í Hörpu.

Oddur Arnþór Jónsson

Oddur Arnþór Jónsson opnaði Reykholtshátíð með hrífandi einsöngstónleikum sem risu hvað hæst í túlkun þeirra Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur á ljóðaflokki *Schwanengesang* eftir Schubert. Oddur fór líka með hlutverk í báðum uppfærslum Íslensku óperunnar á árinu og uppskar lof fyrir.

Söngkona ársins

Dísella Lárusdóttir

Dísella Lárusdóttir vakti sérstaka athygli á árinu fyrir afburða frammistöðu á sviði Metropolitanóperunnar í New York þar sem hún fór með hlutverk Tye drottningar í óperunni *Akhmaten* eftir Philip Glass. Óperan var sýnd í beinni útsendingu víða um heim, meðal annars á Íslandi.

Guja Sandholt

Guja Sandholt tókst á við fjölbreytt verkefni hér heima og erlendis á liðnu ári og sýndi eftirtektarverða dramatíska breidd. Á Óperudögum tók hún m.a. þátt í flutningi verka Davids Lang, *The Little Match Girl Passion* og *Death Speaks*, og hún vann listrænan sigur með flutningi sínum á öróperunni *King Harald's Saga* eftir Judith Weir á Reykholtshátíð.

Herdís Anna Jónasdóttir

Herdís Anna hefur verið búsett í Þýskalandi um alllangt skeið og því er fagnaðarefni að heyra hana takast á við verkefni hérlendis. Hún fór með m.a. með einsöngshlutverk í *Messías* Händels í Hallgrímskirkju og hlaut lof fyrir túlkun sína á Violettu í *La Traviata* í Íslensku óperunni.